

# Vín

2. tbl. 4. árg. maí 2006

BLAÐIÐ

Ostar og vín

Grillpáttur

Chile

Áfengi og unga fólkið

Chardonnay

Vöruskrá

VÍN BÚÐ  
lífur, lærum & njótum




# Þakklæti er okkur efst í huga

Viðskiptavinir vínbúðanna eru ánægðustu viðskiptavinirnir í flokki smásölufyrirtækja samkvæmt Íslensku ánægjuvuginni.

Þessi árangur er fyrst og fremst að þakka frábæru starfsfólki okkar um allt land.

Við þökkum viðskiptavinum fyrir góða umsögn!

Ánægðustu viðskiptavinirnir 2005  
í flokki smásölufyrirtækja



VÍN BÚÐ  
lífur, lærum & njötum

# EFNISYFIRLIT

<b>FORMÁLI</b>	<b>5</b>	<b>VÖRUSKRÁ</b>	<b>28</b>
Góð þjónusta og breyttir afgreiðslutímar		Rauðvín	28
<b>FRÉTTIR</b>	<b>6</b>	Gjafavara	51
Vínbúðirnar hljóta viðurkenningu fyrir ánægðustu viðskiptavinina		Hvítvín	52
Ný vínúð opnuð í Garðheimum		Óáfengt	64
Vínúðin Dalvegi endurnýjuð		Rósavín	65
Chile í vínúðum 9.maí – 10.júní		Freyðivín	65
<b>SVALANDI VERANDAR-BLÖNDUR</b>	<b>8</b>	Líkjörvín: Madeira, Portvín	67
<b>OSTAMOLAR</b>	<b>9</b>	Sérri, Ávaxtavín, Síder, Vínblöndur	68
<b>OSTAR OG VÍN</b>	<b>10</b>	Kryddvín, Bitter	69
<b>GRILLPÁTTUR</b>	<b>12</b>	Líkjör	69
<b>CHILE – PARADÍS VÍNFRAMLEIÐENDA</b>	<b>14</b>	Brandí	71
ÁFENGISNEYSLA FYRIR TVÍTUGT ER SKAÐLEG / DOKTOR.IS	18	Ávaxtabrandí, Hratbrandí	72
<b>CHARDONNAY</b>	<b>20</b>	Viskí	73
<b>NÝ MATARTÁKN</b>	<b>21</b>	Romm	74
<b>NÝJAR VÖRUR Í KRINGLUNNI OG HEIÐRÚNU</b>	<b>22</b>	Tekíla	74
		Vodka	74
		Gin	75
		Sénever, Akvavit, Anís, Snafs	75
		Annað áfengi undir 15%	75
		Gosblöndur	76
		Annað sterkt áfengi, Skot	76
		Sake	77
		Bjór	78
		<b>VÖRUR Í STAFRÓFSRÖÐ</b>	<b>82</b>
		<b>AFGREIÐSLUTÍMI VÍNÚÐA</b>	<b>99</b>

Vínblaðið, 2.tbl. 4. árg. maí-ágúst 2006

Útgefandi: Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, ÁTVR

Ábyrgðarmaður: Ívar J. Arndal • Ritstjóri: Þórdís Yngvadóttir

Ritstjórn: Einar Snorri Einarsson, Gissur Kristinnson, Þórdís Yngvadóttir

Greinar eftir Christina Heina Liman, Pál Sigurðsson, Gissur Kristinnson, Jöranni Frimannsdóttur ([www.doktor.is](http://www.doktor.is)) • Uppskriftir: Gestgjafinn •

Samantekt á vöruskrá: Skúli Þ. Magnússon • Myndir: Andreas Bennwik, Gísli

Egill Hrafnsson, [www.cephas.com](http://www.cephas.com), Sigrún Kristjánsdóttir, Vigfús Birgisson,

Morgunblaðið/Kristinn Ingvarsson • Hönnun forsíðu: Margrét E. Laxness

Umbrot: Nansen ehf. • Prentun: Ísafoldarprentsmiðja.

Öll verð og verðbreytingar birtast í vörulista á heimasíðu ÁTVR, [www.vinbud.is](http://www.vinbud.is)

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur. Áskilinn er réttur til leiðréttinga.

vinbud.is

# CHILE

9. MAÍ - 10. JÚNÍ

Nýr bæklingur um vín frá Chile  
í næstu vínbúð

VÍN  BÚÐ  
*lífur, lærum & njótum*



## GÓÐ ÞJÓNUSTA OG BREYTTIR AFGREIÐSLUTÍMAR

Vínbúðirnar hlutu nýlega viðurkenningu *Íslensku ánægjuvogarinnar* fyrir hæstu einkunn í flokki smásöluvirkta. Hækkuðu vínbúðirnar mest allra fyrirtækja í mælingunni á milli ára. Við erum ákaflega stolt yfir þessum árangri, vegna þess að þessi einkunnagjöf er ekki mat sérfræðinga eða viðurkenning samtaka, heldur kemur hún beint frá viðskiptavinum sjálfum. Við trúum því að við séum á réttri leið í þróun á þeirri margvíslegu þjónustu sem við veitum og staðfesting sem þessi er að sjálfsögðu frábært veganesti í áframhaldandi vinnu.

Í febrúar og mars sl. tóku vínbúðirnar upp þjónustustefnu og er markmið hennar að gera þjónustuna persónulegri og bæta hana enn meira en nú er. Leiðarljós nýju þjónustustefnunnar er slagorð vínbúðanna; *Lifum, lærum & njótum*.

1. maí breyttist afgreiðslutími vínbúða á höfuðborgarsvæðinu. Nú er opið milli 11-18 á laugardögum í öllum vínbúðum á höfuðborgarsvæðinu. Tvær vínbúðir, Vínbúðin á Dalvegi og Vínbúðin í Holtagörðum eru opnar frá kl. 9 á morgnana til kl. 20 á kvöldin á virkum dögum. Það er von okkar að nýr afgreiðslutími og þjónustustefna vínbúðanna falli í góðan jarðveg hjá viðskiptavinum vínbúðanna.

*Lifum, lærum & njótum!*  
Einar S. Einarsson,  
framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs





Sigrún Ósk Sigurðardóttir, aðstoðarforstjóri ÁTVR, í hópi vinningshafa Íslensku ánægjuvogarinnar.

## VÍNBÚÐIRNAR HLJÓTA VIÐURKENNINGU FYRIR ÁNÆGÐUSTU VIÐSKIPTAVININA!

Viðskiptavinir vínbúðanna eru ánægðustu viðskiptavinirnir í flokki smásölufyrirtækja.

Vínbúðirnar hlutu viðurkenningu Íslensku ánægjuvogarinnar fyrir hæstu einkunn í flokki smásölufyrirtækja þ.e. olíufélaga, stórmarkaða og vínbúða. Í þeim flokki eru m.a. Hagkaup, Bónus, Nóatún, Samkaup og öll olíufélögin. Vínbúðirnar voru í efsta sæti í könnuninni með 69,5 stig en fyrirtækið hækkaði sig mest allra fyrirtækja í mælingunni í ár eða um 3,1 stig. Árangurinn er fyrst og fremst starfsfólki vínbúðanna að þakka, sem veita viðskiptavinum sínum frábæra þjónustu.

ÁTVR bætir sig í nær öllum þáttum frá fyrri mælingu. Hlutfallslega sterkustu þættir ÁTVR eru vörugæði og ánægja viðskiptavina. Ímynd ÁTVR skiptir miklu máli fyrir ánægju viðskiptavina og hækkar núna nokkuð og nálgast meðaltal annarra fyrirtækja. Veikustu þættir

ÁTVR eru mat á verðmæti, væntingar og tryggð. Í öllum þessum þáttum er útkoma ÁTVR nokkuð frá meðaltali annarra mældra fyrirtækja.

Íslenska ánægjuvogin er félag, sem Samtök iðnaðarins, Stjórnvísí og IMG – Gallup standa að hvað varðar þátttöku í Evrópsku ánægjuvoginni. Markmið verkefnisins er að láta fyrirtækjum í té samræmdar mælingar á ánægju viðskiptavina og einnig nokkrum öðrum þáttum, sem hafa áhrif á hana, s.s. ímynd, mat á gæðum og tryggð viðskiptavina. Mælingin er talin mjög mikilvæg þar sem rannsóknir hafa leitt í ljós að því ánægðari sem viðskiptavinir fyrirtækis eru því betri afkomu getur það gert sér vonir um.

Við þökkum viðskiptavinum okkar fyrir góða umsögn.



Nýja vínbúðin í Garðheimum.

## NÝ VÍNBÚÐ OPNUÐ Í GARÐHEIMUM

Vínbúðin í Garðheimum var opnuð nú í mars, en Vínbúðinni í Mjódd var lokað þar með. Lauk þá 18 ára starfsemi Vínbúðarinnar í Mjóddinni formlega, en hún var opnuð þann 20. september 1988.

Vínbúðin í Garðheimum er björt og skemmtileg og aðgengi viðskiptavina að vörum töluvert betra, enda er nýja vínbúðin stærri en sú sem var í Mjóddinni. Einnig batnaði starfsaðstaða til muna því búðin er nú öll á einni hæð í stað þess að lagerrými var í kjallara húsnæðisins í Mjóddinni.

Næg bílastæði eru fyrir framan vínbúðina og virðast viðskiptavinir almennt ánægðir með aðgengi og bætta þjónustu í nýrri og betri vínbúð.

## VÍNBÚÐIN DALVEGI ENDURNÝJUÐ

Vínbúðin á Dalvegi hefur fengið nýtt útlit og er búið að gjörbylta búðinni til hins betra. Ákveðið var að halda búðinni opinni allan tímann sem breytingarnar stóðu yfir og á tímabili gekk mikið á. Viðskiptavinir sýndu framkvæmdunum þó mikla þolinmæði og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir það.

Verslunarrými búðarinnar stækkaði talsvert og sett var upp einskonar „kæliherbergi“, sem er fyrsta sinna tegundar í vínbúðunum, þar sem viðskiptavinurinn getur gengið inn og sótt sér kælt léttvín eða bjór.

## CHILE Í VÍNBÚÐUNUM 9.MAÍ – 10.JÚNÍ

Dagana 9. maí-10. júní eru þemadagar í vínbúðum þar sem vínur frá Chile eru gerð skil. Gefinn er út bæklingur með upplýsingum um landið og vínin þaðan, en á kynningunni eru um 100 vín á lækkuðu verði. Einnig voru um 20 vín frá Chile sérstaklega valin inn í vöruval og eru einungis fánleg á meðan þemadögum stendur, en tilgangurinn er að gefa viðskiptavinum enn frekar kost á að kynna sér ný vín frá landinu. Misjafnt er hversu mörg vín eru fánleg í hverri vínbúð fyrir sig, en öll vínin á að vera hægt að nálgast í vínbúðunum Heiðrónu og Kringlu.

Chile hefur löngum verið þekkt sem frábært vínræktarland. Mikið sólskin og hlýtt og þurrt loftslag gerir

Chile einnig ákjósanlegt til lífrænnar ræktunar og margir vínframleiðendur þar stunda nú lífræna þrúguframleiðslu að hluta. Vín frá Chile hafa verið vinsæl hjá Íslendingum, en árið 2005 seldist mest af rauðvínunum frá Chile í vínbúðunum (auk rauðvína frá Ástralíu). Vínframleiðendur í Chile hafa verið duglegir að koma sér á framfæri, en þeir flytja út um 60% af framleiðslunni í landinu. Hlutdeild þeirra í heimsframleiðslu er þó einungis um 2%, en árið 2005 var landið í 11.sæti í heiminum með um 570 milljón lítra í ársframleiðslu.

Áhugasamir viðskiptavinir vínbúða munu áreiðanlega finna eitthvað við sitt hæfi á Chiledögum.



## SVALANDI VERANDAR-BLÖNDUR FYRIR SUMARIÐ

### Tom Collins

6 cl. gin  
3 cl. sítrónusafi  
1-2 tsk. flórsykur  
Sódatn  
Kirsuber til skreytingar  
Hristið ginið, sykurinn og sítrónusafann saman og hellið í highballglas og fyllið upp með sódatni, látið kirsuber úti og sítrónusneið á glasbarminn.

### Bleikur Chevrolet

3-4 jarðarber  
1 cl. Countreau eða Triple Sec  
10 cl. freyðivín  
Notið annaðhvort mixer eða töfrasprota og maukið jarðarberin með líkjörnum og hluta af freyðivíninu. Gott er að hafa einn til tvo ísmola með. Hellið í kampavíns- eða hvítvínsglas og fyllið upp með meira freyðivíni.

### Mímósa

6 cl. freyðivín  
6 cl. appelsínusafi  
Hellið appelsínusafa í glas og fyllið upp með freyðivíni.

### Strawberry Surprise *óáfengur*

4 cl. appelsínusafi  
2 cl. trönuberjasafi  
4-5 jarðarber  
Setjið allt í mixer og blandið vel saman og hellið í glas.



# OSTAMOLAR

F R Á O S T A – O G S M J Ö R S Ö L U N N I

## Ostar bornir fram

Hafðu ostana frammi í stofuhita í að minnsta kosti klukkustund fyrir neyslu því að það tryggir að bragðið af ostinum kemur betur fram.

## Mygla á ostum

Þó að mygla myndist á yfirborði fastra osta þá eru þeir með öllu óskemmdir. Mygluna má hreinlega skera utan af.



## Hvað er best að bera fram með ostum?

Ósætt kex og brauð. Með mildum ostum er gott að bera fram ferskjur, perur, kirsuber, mandarínur og fleira. Með hvít- og blámygluostum má bera fram næstum hvað sem er. Þeir eru líka góðir einir og sér. Með sterkum ostum er við hæfi að bera fram papriku, epli, sellerí, radísur og annað í þeim dúr. Allan ost má skera daginn áður en hans er neytt. Þá er best að geyma hann vel innpakkaðan í ál- eða plastþynnu í kæli.

## Hvernig skal geyma bragðsterka osta?

Nauðsynlegt er að geyma osta í þéttum umbúðum til þess að hið sterka bragð komist ekki í önnur matvæli.

## Ostabakkinn

Á góðan ostabakka er hæfilegt að velja 3-5 tegundir af ostum, eins og til dæmis fastan ost, blá-eða grænmygluost, mjúkan ost, ferskan ost og hvítmygluost.



## OSTAR OG VÍN

H I N F U L L K O M N A T V E N N A

© CEPHAS.com/Tim Hill

Á hlýjum sumardögum hefur maður ekki alltaf þolinmæði til að eyða miklum tíma í flókna matreiðslu því sólin kallar á mann út. Þá er upplagt að kippa nokkrum ostum úr kælinum, ásamt góðu brauði, vínberjum og tilheyrandi víni, ekki síst ef óvæntan gest ber að garði.

Það kætir hjarta hvers sælkera að sjá ostaúrvalið aukast með hverju ári og þar á Osta- og smjörسالan stóran hlut að máli. Því var kominn tími til að smakkhópur vínbúðanna tæki að sér það verðuga verkefni að smakka saman hina „fullkomnu tvennu“ osta og vín.

### LEITAÐ TIL SÉRFRÆÐINGS

Einn helsti sérfræðingur Íslendinga í ostum er Dómhildur A. Sigfúsdóttir, yfirmaður tilraunaeldhúss og veislu-þjónustu Osta- og smjörسالunnar. Því lá beint við að leita til hennar eftir samstarfi vegna þessa tilraunaverkefnis og þar komum við svo sannarlega ekki að tónum kofanum.

### HVAÐ PASSAR MEÐ HVERJU?

Fríður hópur starfsmanna vínbúða og Osta- og smjörسالunnar kom saman til að reyna á bragðlaukana. Valin voru hvítvín og rauðvín, sætvín og portvín. Í hvítu vorum við með ferskan Sauvignon Blanc, Pinot Gris og svo eikaðan nýja heims Chardonnay. Í rauðu var ákveðið að vera með dæmigerðan Chianti, rauða Bordeaux blöndu og svo nýja heims Shiraz. Að lokum vorum við síðan með klassískt Sauternes vín og LBV Portvín. Með þessu prófuðum við ferskan geitaost, hvítmyglu-osta, grænmygluost, fasta og harða osta ásamt einum rauðmygluosti.

Eins og við var að búast var smekkur manna nokkuð misjafn en merkilegt var þó hversu oft smakkarar voru sammála. Á síðunni á móti má sjá töflu yfir niðurstöður hópsins.

## OSTAR OG VÍN

	Sauvignon Blanc	Pinot Gris	Eikað Chardonnay	Chianti	Rautt Bordeaux	Shiraz	Sauternes sætvín	LBV Portvín
Ferskur geitaostur	xxx	xx		x	x			
Brie	xxx	xxx		xx	xx			
Camembert	xxx	xxx		xxx	xxx			
Gouda	x	xxx	x	xxx	xxx	x		
Gullostur	xxx	xxx		xxx	xxx	x		
Rauðmygluostur	xxx	xxx		xxx	xxx			
Emmenthaler	xx	xx		xxx	xxx			
Bragðmiklir ostar						xx	xxx	xxx
Harðir ostar		xx	x	xxx	xxx			
Gráðoastur							xxx	xxx

Auðir reitir – passar ekki saman

x – Sæmilegt

xx – Gott

xxx – Frábært

Hvítvín

Rauðvín

Portvín



## OSTAR VIÐ ÖLL TÆKIFÆRI

Ostar eiga alltaf við. Þeir bragðast vel úti undir beru lofti, t.d. á veröndinni á sólríkum degi og þeir eru upplagðir með í sumarbústaðinn eða útileguna. Ostar eru auðvitað hin eina sanna redding þegar einhverja óvænta gesti ber að garði. Þá er bara að laumast í matvörubúðina og stilla svo upp ostaveislu á stuttum tíma.

## HVERNIG ER BEST AÐ GEYMA OSTA?

Fastir ostar geymast vel í kæli og verða einungis bragðmeiri með aldrinum. Hvítmygluostur hafa takmarkað geymsluþol. Þeir þola ekki geymslu utan kælis, en geymast í kæli í 8-10 vikur frá framleiðsludegi. Mysuostur, smurostar og rjómaostur hafa mjög gott geymsluþol og eru því tilvaldir til að taka með í sumarbústaðinn. Þessir ostar þola einnig að geymast utan kælis í þó nokkurn tíma. Steyptir ostar, t.d. piparostur og paprikuostur, hafa einnig mjög gott geymsluþol.

## HVAÐ ÞARF MIKINN OST Á MANN?

Þegar eingöngu er boðið upp á osta, brauð, ávexti og grænmeti er gert ráð fyrir að hver og einn borði um 200 grömm. Ef osturinn er hins vegar notaður sem ábætir þá má áætla 50-75 grömm á mann. Þegar osturinn er hafður á borðum ásamt öðrum mat þá er rétt að gera ráð fyrir 75-100 grömmum á mann.

Gissur Kristinsson  
Vínsérfræðingur



## GRILLPÁTTUR

Í BOÐI GESTGJAFANS

Myndir: Gísli Egill Hrafnsson / Umsjón: Inga Elsa Berþórsdóttir

### FYLLTAR, HEITAR PAPRIKUR MEÐ GEITAOSTI OG PESTÓI

2 gular paprikur  
2 rauðar paprikur  
Nokkur blöð af basil  
2 tómatar, skornir í fern  
100 g geitaostur, skorinn í 8 bita  
8 tsk. af góðu pestói  
Salt og pipar

Skerið paprikurnar í tvennt langsum, fræhreinsið og skolið. Setjið eina tsk. af pestói í hvern paprikuhelming ásamt vænu basilblaði, bita af geitaosti og tómatbát. Látið paprikurnar í eldfast mót og bakið þær í 200°C heitum ofni eða á efri grind á heitu grilli í 20 mínútur

eða þar til þær eru farnar að litast aðeins á brúnunum. Skreytið paprikurnar með fersku basil.

Smáréttur / forréttur fyrir fjóra til sex  
Vín: Sauvignon Blanc, Pinot Grigio

### TÚNFISKUR Á STÖKKRI HRÍSGRJÓNAKÖKU

200 g soðin jasmínhrisgrjón  
2 tsk. engifer, rifið  
2 msk. kóríander, saxað  
2 msk. ólífúolía  
2 tsk. chili-olía  
2 msk. límónusafi  
1 skalottlaurkur, finsaxaður  
200 g túnfiskur  
Salt og svartur pipar  
100 ml aioli (hvítlauksmajónes, sjá uppskrift)  
1 rautt chili-aldin, finsaxað  
2 msk. kórínader, saxað

#### Aioli:

2 eggjarauður  
2 tsk. dijon-sinnep  
1/4 tsk. salt  
2 tsk. sítrónusafi  
250 ml góð ólífúolía  
4 hvítlauksrif, marin

Blandið saman hrísgrjónum, engifer og kóríander. Hitið 2 msk. af ólífúolíu á pönnu. Mótið 18 litlar kökur úr grjónablöndunni og steikið á báðum hliðum. Setjið chili-olíu, límónusafa og skalottlaur í skál og veltið fiskinum vel upp úr maríneringunni. Látið síðan fiskinn marínerast í kæli í 30 mín. Grillið fiskinn á heitu grilli í 2 mín. á hvorri hlið. Látið hann síðan í eldfast mót og lokið því vel með álpappír. Bakið í 150°C heitum ofni í 5 mín. Saltið og piprið fiskinn og skerið hann í þunnar sneiðar. Látið örlítið af aioli á hverja hrísgrjónaköku, leggið fisksneið þar ofan á, síðan saxaða chili-bitu og kóríander. Berið fram heitt.

#### Aioli:

Athugið að olían og egginn þurfa að vera við herbergishita. Setjið eggjarauður, sinnep, salt og sítrónusafa í matvinnsluvél. Hrærið saman. Hellið oliunni saman við í dropatali. Ef sósan verður of þykk er hægt að bæta einni matskeið af vatni út í hana. Í lokin er mörðum hvítlauk bætt út í sósunu. Sósan geymist 3 daga í kælskápi.



Smáréttur / forréttur fyrir fjóra  
Vín: Riesling

## HRÁSKINKUKLÆDD RISARÆKJA Í HVÍTLAUKS-VINAIGRETTE

18 risarækjur  
3 stórar sneiðar af hráskinku  
18 stór basilblöð  
18 grillpinnar  
2 msk. ólífuolía

### Hvítlauks-vinaigrette:

5 msk. góð ólífuolía  
1 msk. hvítvinsedik eða rauðvinsedik  
1 tsk. dijon-sinnep  
salt og svartur pipar  
2 hvítlauksrif, marin

Pillið rækjurnar, takið alla skelina af þeim nema síðasta liðinn og halann. Skiptið hverri skinkusneið í sex hluta þannig að hráskinkubitarnir verði samtals 18. Setjið eitt stórt basilblað á hvern skinkubita og leggið eina rækju þar ofan á. Vefjið skinkunni utan um rækjuna þannig að halinn standi út úr. Stingið grillpinna í gegnum rækjurnar og veltið þeim að lokum upp úr olíunni. Steikið eða grillið rækjurnar á báðum hliðum á pönnu eða grilli í eina mínútu. Rækjurnar eru bornar strax fram með hvítlauks-vinaigrette.

### Hvítlauks-vinaigrette:

Setjið allt hráefnið í skál og léttþeytið saman með gaffli.

Forréttur fyrir fjóra

Vín: Pinot Gris



## NAUTARÚLLA MEÐ SESAMSOJASÓSU

600 g nautafilet, skorið í þunnar sneiðar  
1 gul paprika, skorið í strimla  
1 rauð paprika, skorið í strimla  
1 græn paprika, skorið í strimla  
1 stórt, rautt chili-aldin, skorið í strimla  
2 msk. ólífuolía  
Salt og svartur pipar  
Grillpinnar, vel bleyttir (látið þá liggja í vatni minnst 2 klst. fyrir notkun)

### Sesamsojasósa:

200 ml sojasósa  
1 msk. sykur, rauður  
(fæst í heilsuvörverslunum)  
1 laukur, saxaður  
1/2 tsk. sesamfræ

Setjið paprikustrimla, einn í hverjum lit ásamt strimli af chili-aldini ofan á sneið af nauta-fileti. Rúllið kjötinu upp og festið rúlluna saman með grillpinna. Nuddið olíu á rúllurnar og grillið þær á heitu grilli í 2 mín. á hvorri hlið. Saltið og piprið kjötið. Berið rúllurnar fram með sesamsojasósu og hrisgrjónum.

### Sesamsojasósa:

Blandið öllu saman í skál og berið fram með nautarúllunni

Uppskrift fyrir fjóra

Vín: Ávaxtaríkt, ástralskt rauðvín, t.d. Cabernet Sauvignon, Merlot eða Shiraz

## NAAN-BRAUÐIÐ SEM ENGINN GLEYMIR

200 ml mjólk  
2 msk. sykur  
1 poki þurrger (tør gær)  
600 g hveiti  
1 tsk. salt  
2 tsk. lyftiduft  
4 msk. ólífuolía  
1 dós hrein jógúrt (180g)  
1 msk. Maldon-salt  
1 msk. indversk kryddblanda (t.d. garam masala eða eitthvert annað gott krydd sem ykkur dettur í hug)  
25 g smjör  
1-2 hvítlauksrif, smátt söxuð  
Búnt af fersku kóríander

Setjið ger og sykur saman í skál og hellið volgri mjólk yfir. Látið standa í 15 mínútur. Blandið síðan hveiti, salti, lyftidufti, olíu og jógúrt saman við germjólkina. Hnoðið deigið þar til það verður mjúkt og bætið við hveiti ef ykkur finnst það of blautt. Látið deigið hefast í skál í 1 klst. við stofuhita. Hitið ofninn í 275°C. Blandið kryddinu og saltinu saman á disk. Skiptið deiginu í 10 hluta og hnoðið kúlar úr þeim. Fletjið síðan kúlurnar út nokkuð þunnt og þrýstið þeim ofan í kryddblönduna. Raðið brauðunum á plötu sem er klædd bökunarpappír og bakið þau í 5-7 mínútur. Þið getið líka bakað þau á efri grind á gasgrilli. Bræðið smjórið í potti, setjið hvítlaukinn saman við smjórið og dreypið því strax yfir heit brauðin. Klippið kóríander yfir allt saman. Berið fram meðan brauðin eru heit.





## CHILE – PARADÍS VÍNFRAMLEIÐENDA

© CEPHAS.com/Andy Christodolo

GISSUR KRISTINSSON VÍN RÁÐGJAFI

Í Chile eru menn ekki í nokkrum vafa um að þar séu búin til bestu vín í heimi. Aðrir framleiðendur eru líklega tregir til að samþykkja það en staðreyndin er sú að Chile er einstaklega vel fallið til víngerðar og eru margir þættir sem hafa áhrif þar á. Í fyrsta lagi er landið á heppilegum stað, en bestu víngerðarsvæði landsins liggja í tempraða beltinu. Loftslag er heitt og einstaklega þurrt yfir ræktunartímann. Það kemur þó ekki að sök þar sem ferskvatnsám, sem renna úr snævi þöktum Andesfjöllum, er veitt með fyrsta flokks áveitukerfi um vínakrana. Undan ströndum Chile mætast heitir og kaldir sjávarstraumar sem kæla loftið sem berst yfir víngarðana og tryggir þar af leiðandi hátt sýrustig þrúgnanna.

Stíll þeirra vína sem framleidd eru í Chile fellur vel að nútímalegum neysluháttum og því vaxandi eftirspurn alþjóða vínmarkaðarins eftir þeim. Vínin eru nær undantekningarlaust mjúk, faguð að allri gerð og með öflugt ávaxtabragð. Þau eru því nógu fersk til að hafa þau með mat og auk þess á hagstæðu verði miðað við gæði og ná því auðveldlega vinsældum meðal almennings.

### UPPHAF VÍNGERÐAR Í CHILE

Fyrstu þekktu frásagnir og ummerki um víngerð í Suður Ameríku eru frá því þegar Spánverjar stóðu í landvinningum fyrir um 500 árum.

Þegar Evrópubúar höfðu loksins sannfærst um að jörðin væri hnöttur en ekki flatkaka og gátu verið vissir um að þeir myndu ekki falla niður af jarðarbrúninni á heimsenda, urðu þeir áræðnari við að finna nýjar siglingaleiðir. Þeir hófu að leita að nýjum löndum fyrir konung sinn og auðgast af þeim fjársjóðum sem fundust þar. Ýmis tækifæri biðu þessara manna í Suður-Ameríku og er of langt mál að fara út í þá sögu og það ólán sem þjóðirnar sem fyrir voru urðu af þeirra völdum. Til gamans má þó geta þess að þar uppgötvuðust ýmis verðmæti sem Evrópumenn njóta enn þann dag í dag, en þá er ekki átt við allt gullið eða silfrið sem þeir lögðu undir sig, heldur ýmislegt matarkyns sem telst til sjálfsagðra hluta í dag eins og t.d. kakó, kaffi, kartöflur, tómatar og jarðarber. Þessir harðsvíruðu nýlendu-herrar fóru heldur ekki af bæ nema taka með sér sinn heittelskaða vínvið frá Evrópu. Það voru því Spánverjar sem fyrstir hófu víngerð í Suður-Ameríku. Arfleið þeirra hefur þó lítið að segja fyrir nútíma víngerð í Chile.

## STÓRA STÖKKIÐ TIL NÚTÍMANS

Víngerð hafði verið stunduð í Chile í rétt um það bil 300 ár, þegar efnamaðurinn Silvestre Ochagavia Echazarreta var á ferðalagi í Evrópu og komst á bragðið með því að bergja á bestu borðvínnum álfunnar. 1851 setti Ochagavia Echazarreta niður græðlinga í Chile af vínvið sem hann hafði fengið í Frakklandi, nánar tiltekið í frægasta víngerðarsvæðinu, Bordeaux. Chilebúinn hafði þann metnað til að bera að reyna að líkja eftir hinum frægu Chateau vínnum Bordeaux og til þess að tryggja enn betri árangur í víngerðinni flutti herra Echazarreta með sér reyndan franskan víngerðarmann. Það má segja að þar með hafi nýtt skeið runnið upp sem markaði upphafið að nútíma víngerð í landinu. Þær þrugutegundir sem frumkvöðlar 19. aldar völdu til þess að hafa með sér til Chile eru enn uppi- staða víngerðar þar. Ekki leið á löngu en það var orðið stöðutákn fyrir efnameiri menn í Chile (sem í flestum tilvikum höfðu efnast á vinnslu jarðmálma) að eiga glæsilegan vínbúgarð fyrir utan Santiago borg og helst vera með franska víngerðarmenn í vinnu.

## FARALDUR Í EVRÓPU NÁÐI EKKI TIL CHILE

Herra Echazarreta var ekki fyrir búinn að koma fyrstu uppskeru sinni í flöskur og njóta nýja vinsins en þau tíðindi bárust frá Frakklandi að rötarlúsinn *Phylloxera* herjaði á vínvið í Evrópu.

*Phylloxera*-rötarlús étur og eittrar rætur vínviðarins og drepur hann á innan við þremur árum. Lúsinn varð að faraldri og geryðilagði flestalla víngarða í Evrópu næsta áratuginn eftir að hennar varð fyrst vart í Suður-Frakklandi árið 1863. Chile var landfræðilega einangrað og þar var hinn upprunalegi franski vínviður í öruggu skjóli fyrir lúsinni. Chilebúar segja oft þessa sögu og hampa vínnum sínum sem þeim einu sem framleidd eru af hinum upprunalega vínvið Bordeaux héraðs.

Þegar vínframleiðsla hrundi í Evrópu blómgaðist víngerð í Chile. Við þetta forskot urðu vínin sífellt betri, meðal annars vegna þess að evrópskir víngerðarmenn flúðu faraldurinn í heimalandi sínu og settust að í Chile þar sem efnarar fjölskyldur, oft af spænsku bergi brotnar, sátu um að ráða þá á búgarða sína. Það má segja að þarna hafi sannast hið kaldhæðna orðatiltæki „eins dauði er annars brauð“. Neysla innanlands í Chile jókst gríðarlega á þessum tíma og auk þess var auðvelt að koma framleiðslunni í verð í öðrum löndum Suður-Ameríku. Enn þann dag í dag eru það yfirleitt fjölskyldur eða einstaklingar sem eiga helstu víngerðirnar í Chile.



Kaktusar þrýða gjarnan víngarða í Chile.

© CEPHAS.com/Andy Christodou

## EINRÆÐI OG SAMDRÁTTUR

Árið 1970 var vinstrimaðurinn Salvador Allende kosinn forseti Chile í óþökk Bandaríkjamanna. Ræktarlandi var skipt upp til bænda í nýju samyrkjukerfi og mörg fyrirtæki þjóðnýtt. Í kjölfarið einangraðist landið efnahagslega m.a. vegna viðbragða Bandaríkjanna og iðnaðurinn hrundi. Fátækt til sveita varð verri en nokkru sinni fyrr. Vínframleiðslan var skattlögð gríðarlega og vandi framleiðenda mikill. Fólk þurfti að hafa mikið fyrir því að afla helstu nauðsynja og vín varð slíkur munaður að neysla innanlands hríðféll. Á þessum tíma var rifinn upp stór hluti víngarða, jafnvel á bestu ræktunarsvæðum og skipt út fyrir aðra matvælaframleiðslu, t.d. korn og annað næringarríkt grænmeti. Þegar leið á árið 1972 voru verkföll og götuóeirðir algengar. Augusto Pinochet hershöfðingi rændi völdum 11. september 1973 með stuðningi Bandaríkjamanna og næstu 17 árin máttu Chile-búar þola einhverja hrottalegustu harðstjórn sem þekkst hafði í álfunni.

## LÝÐRÆÐIÐ ENDURVAKIÐ

Þegar lýðræði komst á aftur 1990 og höftum var létt af viniðnaðinum fóru hjólin aftur að snúast. Milli áraanna 1987 og 1993 var vínviði plantað í yfir tíu þúsund hektara lands. Unnið var að kappi við að markaðssetja Chilevínin í öllum heimshornum og tókst á undraskömmum tíma að afla vínunum gríðarlegra vinsælda um allan hinn vestræna heim.

Landið langa og mjóa var svo sannarlega ekki lengi að stimpla sig inn á heimskort helstu vínframleiðslulanda.

Þessi viðsnúningur í vingerð í Chile leiddi til þess að víniðnaðurinn tæknivæddist næstum því algerlega á tiltölulega stuttum tíma. Áhersla var lögð á framleiðslu gallalausra vína í hæsta gæðaflokki. Einmitt það hefur skilað framleiðendum landsins frábærum árangri í sölu á heimsmarkaði. Vínin frá Chile eru orðin þekkt sem hágæðavara á mjög hagstæðu verði og það á tiltölulega stuttum tíma, eða um það bil síðustu 10-15 árum.

### LANDFRÆÐILEG SKILYRÐI Í CHILE

Landið er gríðarlega langt eða um það bil 4.300 kílómetrar. Í norðri afmarkast Chile af eyðimörk, til austurs af Andes fjallgarðinum sem nær allt upp í 7.000 metra hæð yfir sjávarmáli og í suðri teygir það sig til heimskautasvæðisins syðra. Þessar náttúrulegu aðstæður hafa einangrað landið frá óæskilegum plöntusjúkdómum eins og Phylloxera-lúsinni, sem hrjáð hafa aðrar þjóðir í gegnum aldirnar. Svo njóta vingerðarmenn þess að í Chile geta þeir treyst á sólríkt, þurr og heitt veður yfir ræktunartímann. Slík veðráttá tryggir þeim einnig vörn gegn margskonar myglusveppum, sem herja á vínviðinn og þrúgurnar. *Dúnmygla (oidium)* er til dæmis sjúkdómur sem herjar grimmt á vínvið í Evrópu, sérstaklega þar sem rakt er í veðri, en Chile hefur algerlega sloppið við þann hvítleiða kvilla.



Chile afmarkast af Kyrrahafinu og Andesfjallgarðinum, heitri eyðimörk í norðri og heimskautasvæðinu í suðri. Landið er því afskekkt og einangrað fyrir ýmsum plöntusjúkdómum.

### BESTU SVÆÐIN

Þau svæði þar sem framleidd eru flest af bestu borðvínunum Chile, er á milli 32 og 38 gráðu suðlægrar breiddar eða á samsvarandi belt og syðri hluti Spánar og Norður-Afríka, á norðurhveli jarðar. Það þýðir þó ekki að þarna sé alltof heitt. Þarna eru allar kjöraðstæður til vingerðar og þær skapast ekki síst af kælingu sem vingarðarnir njóta frá Kyrrahafinu. En þar leikur hinn kaldi Humbolt straumur, sem á upptök sín við Suðurskautslandið, stórt hlutverk í kælingu hafsins við Chile og þaðan kemur svöl hafgolan sem leggur yfir garðana á heitasta tímanum.

### PISCO-BRANDÍ

Ekki má gleyma að minnst á pisco þegar vingerðarlandið Chile ber á góma. Pisco er vinsælt brandí úr eimuðum vínberjasafa sem nýtur mikilla vinsælda meðal innfæddra. Pisco mun þó seint keppa um vinsældir eða í gæðum við koníak, en á sér aldagamla sögu í Chile. Í nyrstu vín-ræktarhéruðum landsins og þar með þeim heitustu, eru þrúgurnar ræktaðar sem notaðar eru í Pisco, en þar er of heitt til að rækta þrúgur fyrir gæðaborðvín.

### CHILE-VÍN Á ÍSLANDI

Sala á vínunum frá Chile hófst á Íslandi árið 1993. Þá voru til í vínbúðum fimm borðvín frá Chile. Í rauðu voru Torres Santa Digna Cabernet Sauvignon 1991, sem kostaði þá 840 krónur, Santa Carolina Cabernet Sauvignon Special Reserve 1988 og kostaði það 1.010 krónur og Santa Rita Cabernet Sauvignon Reserva 1989. Í hvítum vínunum var boðið upp á Santa Rita "120" Sauvignon Blanc/Semillon á 920 krónur og Santa Carolina Chardonnay Special Reserve 1992 á 1.040 krónur. Þess má til gamans geta að þessir framleiðendur eiga enn vín í sölu í vínbúðum og úrvalið hefur aukist tæplega þrítugfalt en verðið er enn svipað.

Framleiðsla borðvína í Chile hefur tekið stórkostlegum framförum síðustu 20 árin. Íslenskir neytendur hafa tekið þessum vínunum fagnandi og þau hafa verið kærkomin viðbót í úrval borðvína í vínbúðunum. Skýringin er einföld; vínin frá Chile hafa verið einstaklega aðgengileg og þægileg fyrir jafnt byrjendur í vindrykkju sem og þá sem lengra eru komnir. Það verður einnig að segjast að í lang flestum tilvikum hafa þessi vín til að bera mikil gæði fyrir hóflegt verð. Þetta eru helstu ástæður þess að vínin frá Chile eru einhver mest seldu borðvínin á Íslandi í dag.



ÁFENGI FYLGIR  
ÁBYRGÐ

# ERTU BURÐARDÝR FYRIR UNGLINGINN?



KAUPUM EKKI ÁFENGI  
FYRIR FÓLK UNDIR  
LÖGALDRI.

VÍN  BÚÐ  
*lífur, lærum & njótum*

# ÁFENGISNEYSLA FYRIR TVÍTUGT ER SKAÐLEG

Unglingar sem byrja að neyta áfengis um eða fyrir fimmtán ára aldur eru í fjórum sinnum meiri hættu á að ánetjast alkóhóli eða öðrum vímuefnum og verða fyrir skaða en þeir sem byrja að drekka eftir tvítugt. Þetta er niðurstaða fjölmargra rannsókna og því er mikilvægt að komið sé í veg fyrir að fólk undir tvítugu neyti áfengis.

Sú staðreynd að áfengi er löglegt og gjarnan sett í samhengi við jákvæða skemmtun, fær okkur til að gleyma því að áfengi er vímuefni sem getur valdið skaða, jafnvel óbætanlegu tjóni. Það er vert að hafa í huga að aldurstakmark í áfengislögum er ekki úr lausu lofti gripið. Sannleikurinn er að mörg dauðsföll meðal ungs fólks má rekja til áfengisdrykkju, ekki síður en til neyslu ólöglegra fíkniefna. Foreldrar verða yfirleitt mjög undrandi þegar þeir heyra þetta. Áfengi á ennfremur þátt í flestum umferðarslysum meðal ungs fólks á aldrinum 17-24 ára.

Skaðsemi áfengisdrykkju fyrir tvítugt er fjölþætt. Þar má nefna vandamál tengd heilsu, félagslegri hæfni og hegðun. Þá eru ótalin þau áhrif sem áfengi hefur á dómgreind sem leiðir til glannaskapar, slysa vegna ölvunaraksturs, ofbeldis, misnotkunar og sjálfsvíga.

Hætta á þunglyndi er mun meiri meðal ungingla sem neyta áfengis en hinna sem ekki drekka. Þeir hafa frekar sjálfsvígshugsanir, eiga oftast í félagslegum vanda og árásgirni eykst í hlutfalli við drykkjuna.



*Fæstir gera sér grein fyrir hvað fyllerisdrykkja getur verið skaðlegt ungu fólki sem er ennþá að þroskast.*

*(Sviðsett mynd. Morgunblaðið/Kristinn Ingvarsson).*

Drykkja meðal ungingla virðist, samkvæmt niðurstöðum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO), fara vaxandi á Vesturlöndum og alvarlegast er hversu hún virðist vera álitin léttvæg meðal almennings. Forráðamenn og ungingar gera sér e.t.v. ekki grein fyrir því hve áfengisneysla ungmenna getur haft alvarlegar afleiðingar.

Hjá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni liggja fyrir upplýsingar um að allt að fjórðungur dauðsfalla fólks á aldrinum 15-29 ára í Evrópu séu beinar afleiðingar áfengisneyslu, svo sem vegna umferðarslysa, eitrana, sjálfsvíga og morða.

Sérfræðingar benda einnig á að vaxandi kröfur samfélagsins komi illa við margar fjölskyldur. Mörg ungmenni líða fyrir neikvæða sjálfsmýnd og vanmetakennd. Við þær aðstæður hefur áfengisdrykkja sterkari hljómgrunn meðal ungmenna.

## HÆTTA Á HEILASKAÐA

Því yngri sem unglingar eru þegar þeir byrja að neyta áfengis og því meira magn sem þeir drekka, því verri áhrif hefur áfengisneyslan á heila þeirra. Þroskatími heilans fram að tvítugu er afar mikilvægur. Langtímaáhrif áfengisneyslu á þessum viðkvæma aldri getur haft áhrif á námsgetu, tilfinningalíf og aðra hæfni. Mestu skemmdirnar verða við mikla áfengisneyslu á stuttum tíma. Slíkt gerist t.d. í fyllerisdrykkju. Oft hefur drykkja í för með sér varanlegan skaða sem kemur ekki síst fram í vitrænni skerðingu. Rannsóknir hafa t.d. sýnt að unglingar sem neyta áfengis standa sig mun verr á ýmsum minnisprófum heldur en þeir sem drekka ekki. Mikil áfengisneysla ungs fólks hefur skaðleg áhrif á stöðvar fremst í framheilanum en þar leynist hæfni okkar til að hafa stjórn á skapi okkar, taka ákvarðanir og vega og meta aðstæður sem upp koma. Framheilinn er afgerandi í mótun persónuleikans og því skiptir afar miklu máli að hann fái að þroskast eðlilega.

Áfengiskaupaaldur á Íslandi er tuttugu ára og það er ástæða fyrir því. Stöndum vörð um unga fólkið okkar og stuðlum ekki að áfengisdrykkju ungmenna með því að kaupa áfengi fyrir yngri en tuttugu ára.

Höfundur greinarinnar:  
Jórunn Frimannsdóttir,  
hjúkrunarfræðingur og  
ritstjóri [www.doktor.is](http://www.doktor.is)



## UNGT FÓLK ÆTTI AÐ LÁTA ÁFENGI EIGA SIG FRAM TIL TVÍTUGS, AF ÞVÍ AÐ:

**Áfengi skaðar heila sem er að þroskast. Heilinn er ekki fullþroska fyrr en við tuttugu ára aldur.**

**Því yngri sem einstaklingur byrjar að neyta áfengis því meiri líkur eru á alkóhólisma og því meiri hættu á því að ánetjast harðari vímuefnum.**

**Áfengisneysla ungmenna hefur neikvæð áhrif á námsgetu**

**Áfengisneysla skerðir dómgreindina – jafnvel til frambúðar.**

**Skert dómgreind eykur líkur á:**

- **Slysum**
- **Þunglyndi**
- **Misnotkun**
- **Ofbeldi**
- **Óábyrgu kynlífi og þar með ótímabærri þungun**
- **Áfengiseitrun**
- **Árásargirni**
- **Félagslegum vandamálum**
- **Sjálfsvígum**

*Hún er alls staðar. Hún er ákaflega vinsæl og fjölhæf og bregst hvorki vínræktendum né vínsölum.*

# CHARDONNAY

## COCA-COLA VÍNHEIMSINS

Texti: Christina Heiná Liman. Myndskreyting: Andreas Bennwik  
Lauslega þýtt: Páll Sigurðsson  
Áður birt í Bolaget, maí 2005, fréttarití Systembolaget.  
Birt með góðfúslegu leyfi Systembolaget í Svíþjóð



*Hér stendur þú innan um eldana í Chablis. Er þér ekki kalt?*

– Nei, ég þrífst mjög vel, þrátt fyrir kuldann. Vínræktendurnir kynda eldana því þeir vita að ég launa þeim stritið margfalt til baka, í þakklætisskyni.

*En það má finna þig í ólíku og fjölbreyttu loftslagi um alla jarð-kringluna.*

– Jamm, ég þrífst alls staðar og það er mjög gefandi að vinna með mig. Svo er ég líka auðveld, hvort heldur er í ræktun, vingerð eða til að drekka.

*Hvernig varðstu svona megavinsæl?*

– Tja, bestu þurru vínin er að finna í Bourgogne, frá Montrachet. Þar stendur það að vísu aldrei á flöskumiðanum að ég sé þrúgan, en vinnendur vita það.

*Svo það er þess vegna að þú ert í flestum hvítvínunum?*

– Þarna hittir þú naglann á höfuðið! Vínræktendur um allan heim keppast við að líkja eftir Bourgognevínunum og þar að auki setja þeir nafn mitt á flöskumiðana! Og talandi um nagla, þá þrífst enginn eins vel á eik og ég.

*Hefur þá engum tekist að verða jafn góð?*

– Neei, sumum finnst það reyndar, en samt sem áður eiga margir erfitt með, í blindsmakki, að segja til um hvort Chardonnay vinið sé franskt, nýsjálenskt, amerískt eða annað.

*Fyrir um það bil 20 árum skaut þér upp í nýrri mynd. Ofurboltavín sem maður átti í vandræðum með að drekka meira en eitt glas af, fitusprengt og yfirfullt af eikarbragði.*

– Rétt! Enginn hafði áður bragðað nokkuð þessu líkt! Það var þannig sem ég varð virkilega þekkt. Það var Áströlum og Ameríkönnum að þakka, sem vildu gera sína eigin útgáfu af mér.

*Var það samt sem áður ekki aðeins of ... mikið?*

– Má vera. En þannig vín er einmitt ljómandi gott fyrir þá sem ekki þola rauðvín. Svo ræð ég við hvaða kjötbita sem er.

*Þessi súþereikuðu vín eru nú frekar sjaldgæf nútildags, ekki rétt?*

– Jú, nú vilja menn frekar glæsilegan og finlegan franskan tón. Með snert af franskri eik. En ég er líka góð, hvort heldur, sem ódýrt eða meðalverðsvín. Svo, ef ég er á flöskumiðanum, tja, þá bregst ég í hreinskilni sagt aldrei.

*Illar tungur segja að þú sért karakterlaus og að þú látir vínræktendur og vingerðarmenn fara með þig eins og þeim sýnist.*

– Uss, leyfum fólki að tala! Úr mér eru komin heimsins bestu þurru hvítvín og heimsins besta ropvatn!

*Nú???*

– Kampavín, Blanc de Blanc skilurðu! Það er ég og ekkert annað, nema þegar Pinot Noir og Meunier fá að fljóta með...

### Chardonnay í stuttu máli


**Litur:** Allt frá vatnskenndum, fól-lime-grænum að gullnum.

**Ilmur:** Melóna, þerur, epli og sítrus. Mörg vín eru látin þroskast á eikartunnum og ilma þá af hnetum, ristudu brauði, vanillu og smjörkaramellu.

**Bragð:** Þurr, oft með eikarkeim, sem gefur fyllt og bragðmikil vín. Chardonnay sem hefur ekki komist í kynni við eik, bragðast af sítrónu, eplum og steinefnum.

**Ræktun:** Alls staðar. Þrúgan er auðræktanleg, gjöful og gefur af sér mikla uppskeru. Er mikilvægasta hvíta þrúgan í Champagne og Bourgogne.

**Passar með:** Fylltu og bragðmeiri vínin passa vel með grilluðum fisk og kjötréttum sem og ostum. Geta jafnvel verið góður valkostur með rauðu kjöti. Fersku og ávaxtaríku vínin passa með fisk og skelfiski.



# N Ý M A T A R T Á K N

## M E R K I N G A R M E Þ V Í N L Ý S I N G U M

Við kynnum með ánægju ný matartákn sem hafa verið þróuð sérstaklega fyrir vínbúðirnar. Táknin gefa til kynna hvers konar vín er um að ræða og við hvaða matarflokka hver vintegund á sérstaklega vel við samkvæmt mati vínsérfræðinga vínbúðanna. Það er von okkar að merkingarnar auðveldi viðskiptavinum okkar að finna rétta vínið með matnum hverju sinni.



### Fordrykkir/smáréttir

Vín sem hafa til að bera ferskleika og léttleika. Auðvelt að drekka þau ein og sér.



### Smáréttir

Vín sem geta verið hvít, rauð eða rósavín. Þau þurfa að hafa nægjanlegt bragð og ferskleika til að fara með léttari mat.



### Sólpallavín

Léttir, ferskir og frískandi drykkir sem henta sérstaklega vel til drykkjar á hlýjum sumardögum.



### Ostar

Með ostum geta farið hvítvín, rauðvín og rósavín. Smekkur fólks ræður því hvað það velur með fjölbreyttu ostaúrvali.



### Skelfiskur

Þau vín sem fara best með skelfiski þurfa að hafa ákveðinn ferskleika og hátt sýrustig. Bragðið má ekki yfirgnæfa skelfiskbragðið.



### Fiskur

Hér flokkast þau vín sem geta farið með öllum veigameiri fiskréttum.



### Alifuglar

Hér veljast inn þau vín sem henta sérstaklega vel með ljósu fuglakjöti eins og kjúklingi, kalkún, aliönd og aligæs.



### Grís

Vín sem hafa kraft og fyllingu til þess að henta margskonar ljósu kjöti, en þó sjaldnast með bragðmeira kjöti.



### Nautakjöt

Vín sem hafa nægjanlegan kraft og fyllingu til þess að fara með blóðugri úrvalssteik.



### Lambakjöt

Íslenska lambakjötið er auðvitað einskonar villibráð með sitt kryddaða og salta bragð, því eru í þessum flokki nægjanlega kraftmikil vín til þess að fara með því.



### Léttari villibráð

Hér veljast inn úrvalsvín sem hafa náð ákveðnum þroska, eru ekki eins öflug og villibráðarvínin, en fara vel með léttari villibráð eins og fasana, akurhænu, villiönd ofl.



### Kröftugri villibráð

„Þungavigtar-vín“. Íslensk villibráð er einhver sú bragðmesta sem fyrirfinnst, með henni þarf því einstaklega kraftmikil og öflug vín.



### Grænmetisréttir

Vín sem þurfa að hafa ferskleika, sýru og létt bragð til þess að geta farið með margskonar grænmetisréttum án þess að yfirgnæfa þá.



### Grillað kjöt

Vín sem henta sérstaklega vel með grilluðum mat, hvort sem það er fiskmeti eða kjöt.



### Austurlenskur matur

Með austurlenskum mat ætti að velja vín sem geta farið með súrsætum, léttkrydduðum sem sterkrydduðum mat.



### Sterkkryddað

Hér eru valdir inn drykkir sem henta sérstaklega með mat sem er mikið kryddaður eða bragðmikill.



### Pasta/pítsur

Vín sem fara með léttari matartegundum eins og pasta. Það er síðan meðlætið, krydd og sósur á pastanu sem ráða því hvort notað er hvít-, rauð- eða rósavín.



### Reykt kjöt

Með reyktu kjöti þarf að velja vín sem ekki gefst upp fyrir reykbragðinu og saltinu. Ávaxtarík vín og með þétta byggingu henta best.



### Pottréttir

Vín með ákveðinn bragðstyrk, sýru og tannín til þess að geta staðið með bragðmiklum pottréttum.



### Ábætisréttir

Efurréttavin eru flokkur sætra vína sem framleidd eru víðsvegar um heiminn, en eiga það sameiginlegt að henta með ábætisréttum.



### Ein og sér

Hér veljast inn vín sem eru best ein og sér án nokkurs matar. Þetta eru þægileg vel gerð vín sem njóta sín best ein og sér.



### Drekkið strax



### Tilbúið til að drekka



### Tilbúið til að drekka, má geyma



### Batnar við geymslu

## NÝJAR VÖRUR Í REYNSLU

Hér eru kynntar nokkrar af þeim nýju vörum sem komu í vínbúðirnar Heiðrónu og Kringluna í mars, apríl og maí. Þær fást aðeins í vínbúðunum Heiðrónu og Kringlunni. Þær eru einnig hægt að panta. Verð eru leiðbeinandi og gilda í maí 2006. Birt með fyrirvara um prentvillur.



### La Chamiza Cabernet Sauvignon Reserve

vnr.:10277 750 ml 13.5%

**Einkenni:** Dökkúrúbinrautt. Góð fylling, þurr, ferskt, með þroskuð tannín. Berjaríkt með dökka kryddtóna.

**Uppruni:** 2004, Argentína, Mendoza

**Framleiðandi:** Finca La Chamiza

**Leiðbeinandi verð:** 1.190 kr.



### Santa Helena Siglo de Oro Carmenere Malbec

vnr.:05201 750 ml 14%

**Einkenni:** Dökkrautt. Bragðmikið, kryddað, með kaffibauna og berjakeim. Lítt stemma.

**Uppruni:** 2004, Chile, Colchagua Valley, Valle de Central, Rapel

**Framleiðandi:** Vinos de Chile S.A.

**Leiðbeinandi verð:** 1.270 kr.



### Jacobsdal Pinotage

vnr.:06467 750 ml 14%

**Einkenni:** Dökkirsuberjarrautt. Þétt stöm fylling, þurr, ferskt og tannískt með bökuðum ávaxta- og kryddkeim.

**Uppruni:** 2003, Suður-Afrika, Stellenbosch

**Framleiðandi:** Jacobsdal Wine Estate

**Leiðbeinandi verð:** 1.790 kr.



### Le Bonheur Merlot - Cabernet Sauvignon

vnr.:10316 750 ml 13.5%

**Einkenni:** Dökkmúrsteinsrautt. Meðalfylling, þurr og ferskt með þroskuð tannín, barrkenndum ávexti, tómát- og eikartónum.

**Uppruni:** 2001, Suður-Afrika, Simonsberg Stellenbosch

**Framleiðandi:** Le Bonheur Wine Estate

**Leiðbeinandi verð:** 1.690 kr.



### Tukulu Pinotage

vnr.:10286 750 ml 14%

**Einkenni:** Dökkúrúbinrautt. Þétt fylling, þurr, sýruríkt, nokkuð tannískt með sætri vanillu, bökuðum ávexti og kryddkeim.

**Uppruni:** 2003, Suður-Afrika, Groenekloof

**Framleiðandi:** Tukulu

**Leiðbeinandi verð:** 1.890 kr.



### Nederburg Manor House Shiraz

vnr.:10392 750 ml 14.5%

**Einkenni:** Dökkúrúbinrautt. Þétt fylling, sætuvatgur, ferskt, þroskuð tannín mikill þroskaður ávöxtur, þétt eik og kryddtónar.

**Uppruni:** 2004, Suður-Afrika, Coastal Region

**Framleiðandi:** Nederburg Wines LTD.

**Leiðbeinandi verð:** 1.490 kr.



**Uitkyk Cabernet Sauvignon - Shiraz** 🍷🍷🍷🍷

vnr.:10317 750 ml 15%

**Einkenni:** Dimmkirsuberjarautt. Góð fylling, þurr og ferskt með þroskuð tannín, þéttan berjabláma og sætkennan ávöxt.

**Uppruni:** 2001, Suður-Afríka, Simonsberg Stellenbosch

**Framleiðandi:** Uitkyk Wine Estate

**Leiðbeinandi verð:** 1.690 kr.



**Glen Carlou Tortoise Hill**



vnr.:10234 750 ml 14%

**Einkenni:** Dökkkirsuberjarautt. Góð fylling, þurr og ferskt með þroskuð tannín dökka ávexti, krydd, jarðar- og meðalatóna.

**Uppruni:** 2003, Suður-Afríka, Paarl

**Framleiðandi:** Glen Carlou (PTY) Ltd.

**Leiðbeinandi verð:** 1.390 kr.



**Nederburg Manor House Cabernet Sauvignon** 🍷🍷🍷🍷

vnr.:10393 750 ml 14%

**Einkenni:** Dökkrúbínrautt. Meðalfylling, þurr, ferskt, þroskuð tannín, ríkur dökkr ávöxtur, þétt eik og jarðartónar.

**Uppruni:** 2004, Suður-Afríka, Coastal Region

**Framleiðandi:** Nederburg Wines LTD.

**Leiðbeinandi verð:** 1.490 kr.



**Spice Route Pinotage**



vnr.:07777 750 ml 13.5%

**Einkenni:** Dökkmúrsteinsrautt. Þétt fylling, þurr og ferskt með mjúk tannín, margslunginn ávaxta- og eikarkeim og sveitatóna.

**Uppruni:** 1999, Suður-Afríka, Swartland

**Framleiðandi:** The Spice Route Wine Company

**Leiðbeinandi verð:** 1.590 kr.



**Mas Amiel Le Plaisier Grenache Noir** 🍷🍷🍷🍷

vnr.:10256 750 ml 14.5%

**Einkenni:** Fölráutt. Meðalfylling, þurr og ferskt með lítil, mjúk tannín, fersksætan ávöxt og léttan kryddtóna.

**Uppruni:** 2004, Frakkland, Cotes Catalanes, Languedoc-Roussillon

**Framleiðandi:** Mas Amiel

**Leiðbeinandi verð:** 1.790 kr.



**Collioure Les Culottes**



vnr.:10257 750 ml 14.5%

**Einkenni:** Dökkmúrsteinsrautt. Meðalfylling, þurr, ferskt með þroskuð tannín, þéttan kryddaðan rauðan ávöxt, hnetu- og eikartóna.

**Uppruni:** 2002, Frakkland, Collioure, Languedoc-Roussillon, Roussillon

**Framleiðandi:** Le Dominicain

**Leiðbeinandi verð:** 1.990 kr.



**Aigle Cabernet Sauvignon**

🍷🍷🍷🍷 vnr.:10386 750 ml 12.5%

**Einkenni:** Rúbínrautt. Stöm meðalfylling, þurr og ferskt með þurrkandi tannín og léttan rauðan ávöxt.

**Uppruni:** 2004, Frakkland, Oc, Languedoc-Roussillon

**Framleiðandi:** Aimery Sieur d'Arques

**Leiðbeinandi verð:** 1.190 kr.



**Baron de Lestac Reserve**



vnr.:05425 750 ml 12.5%

**Einkenni:** Dökkkirsuberjarautt. Frekar létt, þurr, ferskt og tannískt með berjailm og þurrar eikarkeim.

**Uppruni:** 2001, Frakkland, Medoc, Bordeaux

**Framleiðandi:** Baron de Lestac

**Leiðbeinandi verð:** 1.700 kr.



**Umani Ronchi Montepulciano d'Abruzzo** 🍷🍷🍷🍷

vnr.:04404 750 ml 13%

**Einkenni:** Kirsuberjarautt. Tæp meðalfylling, þurr, ferskt, þroskað tannín með keim af rauðum berjum og sveitatón.

**Uppruni:** 2004, Ítalía, Abruzzo

**Framleiðandi:** Umani Ronchi S.P.A.

**Leiðbeinandi verð:** 1.300 kr.



**Morties Pic Saint-Loup**



vnr.:09783 750 ml 14.5%

**Einkenni:** Dökkrúbínrautt. Þétt, góð fylling, höfugt, þungt og ferskt með mikil og mjúk tannín, þéttan kryddaðan ávöxt og eikarkeim

**Uppruni:** 2002, Frakkland, Coteaux du Languedoc, Languedoc-Roussillon,

**Framleiðandi:** Mas de Morties

**Leiðbeinandi verð:** 1.960 kr.



**Laboure-Roi Bourgogne Pinot Noir Fut de Chene** 🍷

vnr.:05560 750 ml 12.5%

**Einkenni:** Ljósirúbinrautt. Létt fylling, þurr, ferskt, lítil þurr tannin með jarðkennda rótar og berjatóna.

**Uppruni:** 2002, Frakkland, Bourgogne

**Framleiðandi:** Laboure-Roi

**Leiðbeinandi verð:** 1.560 kr.



**Pierre Andre Brouilly Mont Brillant** 🍷🍷🍷🍷🍷

vnr.:10399 750 ml 12.5%

**Einkenni:** Ljósirúbinrautt. Létt fylling, þurr, ferskt, lítil tannin með léttu skógarberja- og sælgætistöna.

**Uppruni:** 2004, Frakkland, Brouilly, Bourgogne, Beaujolais

**Framleiðandi:** Pierre Andre

**Leiðbeinandi verð:** 1.390 kr.



**Pierre Andre Moulin-A-Vent La Bruyere** 🍷🍷🍷🍷🍷

vnr.:10398 750 ml 12.5%

**Einkenni:** Ljósirúbinrautt. Létt, þurr, ferskt, lítil tannin. Með léttan ferskan berjabláma.

**Uppruni:** 2004, Frakkland, Moulin-a-Vent, Bourgogne, Beaujolais

**Framleiðandi:** Pierre Andre

**Leiðbeinandi verð:** 1.390 kr.



**Tenuta Sant'Antonio Monti Garbi** 🍷🍷🍷🍷🍷

vnr.:09194 750 ml 13.5%

**Einkenni:** Dökkmúrsteinsrautt. Þétt meðalfylling, þurr, ferskt með þroskuð tannin, með þroskaðan berjakeim, eikar- og jurtakrydd.

**Uppruni:** 2000, Ítalía, Valpolicella, Veneto,

**Framleiðandi:** Tenute Sant'Antonio

**Leiðbeinandi verð:** 1.490 kr.



**Ovidio Cencibel Crianza** 🍷🍷🍷🍷🍷

vnr.:10268 750 ml 14%

**Einkenni:** Dökkirúbinrautt. Meðalfylling, þurr, ferskt með mikil mjúk tannin, kryddaðan, blómlegan berjakeim og kremaða eikartóna.

**Uppruni:** 2002, Spánn, Castilla La Mancha

**Framleiðandi:** Bernal Garcia-Chicote S.L

**Leiðbeinandi verð:** 1.990 kr.



**Corona de Aragon Reserva** 🍷🍷🍷🍷🍷

vnr.:10384 750 ml 13%

**Einkenni:** Dökkirúbinrautt. Þétt fylling, þurr, ferskt með þurrkandi tannin. Þroskaður laufkryddaður ávöxtur með eikartónum.

**Uppruni:** 2000, Spánn, Carinena

**Framleiðandi:** Grande Vinos Y Vinedos S.A.

**Leiðbeinandi verð:** 1.480 kr.



**La Rioja Alta Vina Ardanza Reserva** 🍷🍷🍷🍷🍷

vnr.:02350 750 ml 13%

**Einkenni:** Múrsteinsrautt. Meðalfylling, þurr, ferskt, mjúk tannin með finlegan þroskaðan, grösugan ávaxta og eikarkeim.

**Uppruni:** 1999, Spánn, Rioja

**Framleiðandi:** La Rioja Alta S.A.

**Leiðbeinandi verð:** 2.090 kr.



**Ramirez de La Piscina Reserva** 🍷🍷🍷🍷🍷

vnr.:05446 750 ml 12.5%

**Einkenni:** Ryðrautt. Frekar létt, þurr og ferskt með þroskuð tannin, léttan þroskaðan ávöxt, eikar- og jarðartóna.

**Uppruni:** 1997, Spánn, Rioja

**Framleiðandi:** Ramirez S.L

**Leiðbeinandi verð:** 1.890 kr.



**Kollwentz Blaufrankisch vom Leithagebirge** 🍷🍷🍷🍷🍷

vnr.:10242 750 ml 13.5%

**Einkenni:** Dökkirúbinrautt. Meðalfylling, ferskt, með mjúk tannin, dökkan grösugan kryddkeim, skógarberja- og eikartóna.

**Uppruni:** 2003, Austurríki, Burgenland

**Framleiðandi:** Kollwentz

**Leiðbeinandi verð:** 1.930 kr.



**Dinstlgut Loiben Zweigelt** 🍷🍷🍷🍷🍷

vnr.:10228 750 ml 13.5%

